

Bjargráðasjóður

Ársreikningur

2024

Bjargráðasjóður
Hlíðasmára 14
201 Kópavogi
kt. 460169-6669

Bjarggráðasjóður

Ársreikningur

2024

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	2-3
Skýrsla stjórnar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-9
Sundurliðanir	10

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Bjargráðasjóði

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Bjargráðasjóðs fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2024, efnahag þess 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Bjargráðasjóði í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Bjargráðasjóðs Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sjóðsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogi, 19. febrúar 2025

Deloitte ehf.

Jóhann Óskar Haraldsson
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Bjargráðasjóður er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins sem heyrir undir matvælaráðuneytið. Hlutverk Bjargráðasjóðs skv. lögum nr. 49/2009 er að veita einstaklingum og félögum fjárhagsaðstoð til að bæta meiri háttar beint tjón af völdum náttúruhamfara, en þó fyrst og fremst á girðingum, túnum, heyi og af völdum uppskerubrests í landbúnaði. Nánar er kveðið á um starfsemi sjóðsins í reglugerð nr. 1111/2023.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila.

Stjórn Bjargráðasjóðs er skipuð til september 2026. Hún er nú skipuð eftirtöldum einstaklingum, Sigurður Eypórsson, formaður, Sigríður Gísladóttir og Jóhannes Sigfússon. Sigríður var skipuð á árinu 2024 í stað Guðrúnar Eikar Skúladóttur sem lét af störfum að eigin ósk. Frá 1. janúar 2022 hefur umsýsla sjóðsins verið í höndum Náttúruhamfaratryggingar Íslands á grundvelli samnings þar um. Stofnunin heldur utan um verkferla sjóðsins og er forstjóri NTÍ jafnframt framkvæmdastjóri Bjargráðasjóðs.

Rekstur ársins 2024

Afkoma af rekstri sjóðsins á rekstrarárinu var neikvæð um 26,3 m.kr. Eigið fé í lok ársins var jákvætt um 253 m.kr. skv. efnahagsreikningi. Þeir fjármunir Bjargráðasjóðs sem ekki hefur verið ráðstafað til reksturs og styrkveitinga eru í eignastýringu hjá Arion banka, samkvæmt ákvörðun stjórnar sjóðsins.

Launagreiðslur stjórnar námu samtals kr. 921 þús. Annar rekstrarkostnaður sjóðsins hækkaði úr 8,5 m.kr í 13,2 m.kr. á milli ára, en af því eru 3,7 m.kr. greiddar til NTÍ skv. samningi vegna fastrar umsýslu sjóðsins, 6,1 m.kr. vegna kostnaðar við tjónamat og 3,4 vegna endurskoðunar, hugbúnaðarleyfa og annars kostnaðar. Hækkunin á milli ára skýrist fyrst og fremst af því að mun fleiri umsóknir bárust sjóðnum árið 2024 en 2023.

Styrkgreiðslur á árinu 2024

Veturinn 2023-2024 urðu veruleg kaltjón hjá bændum, einkum á Norðurlandi og fékkst sérstakt framlag úr varasjóði fjárlaga að fjárhæð 230 milljónir króna vegna þess. Að auki verða veittir styrkir að fjárhæð um 70 milljónum króna af almennum fjárheimildum sjóðsins. Alls verður því um 300 milljónum ráðstafað til greiðslu styrkja vegna kaltjóna veturinn 2023-2024, en stjórn hafði aðeins staðfest um 70% af þeim styrkloforðum fyrir áramót 2024/2025 og því færast hluti þessara styrkja á reikningsárið 2025. Alls barst sjóðnum 121 umsókn vegna kals veturinn 2023-2024 og í 89 tilvikum voru veittir styrkir vegna þessa.

Samþykktir styrkir á árið 2024 voru tæpar 244 milljónir króna samanborið við 41 m. kr. árið áður, þar af mest vegna kaltjóna eða 92%. Önnur tjón urðu á ræktuðu landi og girðingum af völdum skriðufalla og flóða. Sjóðurinn hefur enn til meðferðar styrki vegna tjóna sem urðu vegna skriðufalla í Út-Kinn í Þingeyjarsýslu árið 2021, Bjargráðasjóði var falið að annast umsýslu og útgreiðslur styrkja vegna þess atburðar og verða síðustu styrkgreiðslur vegna hans greiddir á árinu 2025.

Stjórnin hefur einnig unnið að verkefni sem henni var falið af þáverandi matvælaráðherra sem er að skoða og útfæra niðurstöður starfshóps um tryggingamál bænda skv. skýrslu þar um. Verkefninu er ekki lokið en áætlað er að því ljúki árið 2025.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra Bjargráðasjóðs koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sjóðsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri Bjargráðasjóðs staðfesta hér með ársreikning sjóðsins með undirritun sinni.

Kópavogi, 19. febrúar 2025

Í stjórn

Framkvæmdastjóri

Rekstrarreikningur ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Framlag ríkissjóðs		208.300.000	79.914.810
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		2.859.176	1.511.289
Vaxtagjöld		0	0
Fjármangstekjuskattur		(638.368)	(337.083)
Matsbreytingar fjáreigna		21.137.768	15.103.471
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld alls		23.358.576	16.277.677
Samtals			
		231.658.576	96.192.487
Styrkveitingar			
Veittir styrkir vegna tjóna		243.837.308	40.967.123
Styrkveitingar alls		243.837.308	40.967.123
Rekstrargjöld			
Stjórnarlaun og annar starfsmannakostnaður		921.445	1.158.901
Annar rekstrarkostnaður		13.162.307	8.540.624
Rekstrargjöld alls		14.083.752	9.699.525
Samtals			
		257.921.060	50.666.648
Afkoma ársins			
		(26.262.484)	45.525.839

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

Eignir	Skýr.	31.12.2024	31.12.2023
Fastafjármunir			
Fjárfestingarverðbréf	5	237.709.775	217.035.095
		<u>237.709.775</u>	<u>217.035.095</u>
Veltufjármunir			
Kröfur - Ríkissjóður Íslands		138.300.000	30.000.000
Handbært fé		59.021.041	42.410.038
		<u>197.321.041</u>	<u>72.410.038</u>
Eignir		<u>435.030.816</u>	<u>289.445.133</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	6		
Eigið fé frá fyrra ári		279.296.907	233.771.068
Afkoma ársins		(26.262.484)	45.525.839
Eigið fé		<u>253.034.423</u>	<u>279.296.907</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		1.806.069	0
Ógreiddir styrkir vegna tjóna		179.690.200	8.939.150
Ógreidd laun og launatengd gjöld		500.124	1.209.076
		<u>181.996.393</u>	<u>10.148.226</u>
Skuldir		<u>181.996.393</u>	<u>10.148.226</u>
Eigið fé og skuldir		<u>435.030.816</u>	<u>289.445.133</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
Afkoma ársins		(26.262.484)	45.525.839
Gangvirðisbreytingar verðbréfa		(21.137.768)	(15.103.471)
Áhrif umsýsluþóknunar á gangvirði		463.088	382.106
Veltufé (til), frá rekstri án vaxta og skatta		(46.937.164)	30.804.474
Aðrar rekstrartengdar eignir, (hækkun)		(108.300.000)	0
Rekstrartengdar skuldir, hækkun, (lækkun)		171.848.167	(23.983.356)
Handbært fé frá rekstri		16.611.003	6.821.118
Hækkun handbærs fjár		16.611.003	6.821.118
Handbært fé í upphafi árs		42.410.038	35.588.920
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		0	0
Handbært fé í lok árs		59.021.041	42.410.038

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Bjargráðasjóður er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Hlutverk Bjargráðasjóðs skv. lögum nr. 49/2009 er að veita einstaklingum og félögum fjárhagsaðstoð til að bæta meiri háttar beint tjón af völdum náttúruhamfara, en þó fyrst og fremst á girðingum, túnum, heyi og af völdum uppskerubrests í landbúnaði. Lögheimili sjóðsins er að Hlíðasmára 14, 201 Kópavogi.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum en verðbréf eru færð á gangvirði í árslok. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og upphæðir settar fram í heilum krónum. Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar fyrir opinbera aðila voru teknir upp af sjóðnum frá og með 1.1.2022.

3. Mat og ákvarðanir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis þeirra eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynt önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

4. Stjórnarlaun og annar starfsmannakostnaður

	2024	2023
Laun	799.692	979.832
Lífeyrissjóður	69.297	106.183
Önnur launatengd gjöld	52.456	72.886
	<u>921.445</u>	<u>1.158.901</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	0,1	0,1

5. Fjárfestingarverðbréf

Verðbréfaeign og eign í verðbréfasjóðum er færð á gangvirði í gegnum rekstrarreikning í árslok.

Gangvirðisútreikningar á verðbréfaeign miðast við fyrsta stig sbr. IPSAS 30. Notuð eru verð á virkum mörkuðum til mats á gangvirði verðbréfaeignarinnar. Breytingar á bókfærðu virði fjáreigna á gangvirði greinast þannig:

	Fjárfesting- arverðbréf
Staða í ársbyrjun 2022	202.313.730
Gangvirðisbreytingar	15.103.471
Áhrif umsýsluþóknunar á gangvirði	(382.106)
Staða í ársbyrjun 2023	217.035.095
Gangvirðisbreytingar	21.137.768
Áhrif umsýsluþóknunar á gangvirði	(463.088)
Staða í árslok 2024	<u>237.709.775</u>

Markaðsáætla er hættan á því að breytingar á vöxtum hafi áhrif á afkomu sjóðsins og virði fjárfestinga hennar í fjármálagerningum. Markaðsáætla í fjárfestingum er takmörkuð með fjárfestingarstefnu.

Skýringar

6. Eigið fé

Eigið fé greinist þannig:

	Eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1.2023	233.771.068	233.771.068
Afkoma ársins	45.525.839	45.525.839
Eigið fé 1.1.2024	279.296.907	279.296.907
Afkoma ársins	(26.262.484)	(26.262.484)
Eigið fé 31.12.2024	253.034.423	253.034.423

7. Reikningsskilaaðferðir

Innlausn tekna

Framlög frá ríkissjóði eru metin á gangvirði móttækis endurgjalds. Framlög eru færð í rekstrarreikning þegar hæfileg víska er fyrir hendi um að sjóðurinn muni uppfylla þau skilyrði sem þeim eru bundin og að greiðslur muni berast. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvíska er um innheimtu þeirra.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármagnstekjuskattur, vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til.

Veittir styrkir vegna tjóna

Veittir styrkir vegna tjóna eru færðir í rekstrarreikning þegar þeir hafa verið samþykktir af stjórn sjóðsins, hægt er að meta þá með áreiðanlegum hætti og verulegar líkur eru taldar á að til greiðslu þeirra komi. Til staðar er ávallt einhver óvíska um hvort greiðsla styrkja muni fara fram enda þurfa styrkumsækjendur að uppfylla ákveðin skilyrði svo greiðsla geti farið fram.

Kröfur

Kröfur á Ríkissjóð Íslands eru færðar í efnahagsreikning þegar hæfileg víska er fyrir hendi um að sjóðurinn muni uppfylla þau skilyrði sem framlögunum eru bundin og að greiðslur muni berast.

Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnistæðum.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á upphaflegu viðskiptaverði að teknu tilliti til gengisbreytinga.

Sundurliðanir

Veittir styrkir vegna tjóna

	2024	2023
Veittir styrkir vegna sjávarflóða, þurrka, vatnavaxta og aurflóða	6.224.790	0
Veittir styrkir vegna girðinga	1.056.962	22.673.063
Veittir styrkir vegna skriðufalla	11.175.356	17.261.091
Veittir styrkir vegna endurræktunar og hreinsunar	0	1.032.969
Veittir styrkir vegna kaltjóna	225.380.200	0
	<u>243.837.308</u>	<u>40.967.123</u>

Stjórnarlaun og annar starfsmannakostnaður

	2024	2023
Stjórnarlaun	799.692	979.832
Tryggingagjald	51.854	71.962
Lífeyrissjóður	69.297	106.183
Sjúkra- og orlofsheimilásjóður	602	924
	<u>921.445</u>	<u>1.158.901</u>

Annar rekstrarkostnaður

	2024	2023
Rekstur upplýsingakerfis og hugbúnaðarþjónusta	382.600	145.825
Endurskoðun og reikningsskil	2.453.005	1.620.297
Önnur aðkeypt þjónusta	10.313.535	6.474.335
Ferðakostnaður	0	278.384
Annar kostnaður	13.167	21.783
	<u>13.162.307</u>	<u>8.540.624</u>

Ógreiddir styrkir vegna tjóna

	31.12.2024	31.12.2023
Ógreiddir styrkir vegna kaltjóna	179.366.000	0
Aðrir ógreiddir styrkir vegna tjóna	324.200	8.939.150
	<u>179.690.200</u>	<u>8.939.150</u>